



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SKÝRSLA UM SVÍPJÓÐARFERÐ

9.-13. OKTÓBER 2017

Fimm daga námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins

Supporting literacy and integration of bilingual students.

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2017-1-IS01-KA101-026507



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Sú skýrsla sem hér fylgir er samantekt á námsferð sem níu grunnskólakennarar á höfuðborgarsvæðinu ásamt fararstjóra fóru dagana 9.-13. október 2017 til Malmö í Svíþjóð. Ferðin var undirbúin og skipulögð af samráðshópi innan höfuðborgarsvæðins úr stjórnkerfi þeirra sveitarfélaga er hafa með málefni grunnskóla að gera. Sérstaklega er Þórdísi Helgu Ólafsdóttur þökkuð undirbúningur Svíþjóðarferðinnar en þetta er ein ferð af þremur sem farnar voru til Norðurlandanna í sama tilgangi, þ.e. að kynnast móttöku og kennslu innflytjenda í Skandinavísk samfélög og skólastarf fyrir þá.

Ferðin er styrkt af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins í gegnum Rannís sem er þökkuð styrkveitingin með þeim tækifærum sem það fól í sér að námsferðin var yfirleitt möguleg fyrir kennarana.

SVÍÞJÓÐARFARAR

9.-13. október 2017

| Nöfn | Skóli | Sveitarf. | netfang |
|-----------------------------|-------------------|------------|--|
| Arnbjörg Eiðsdóttir | Laugarlækjarskóli | Reykjavík | arnbjorg.eidsdottir@reykjavik.is |
| Donata H. Bukowska | Álfhólsskóli | Kópavogur | donatah-b@kopavogur.is |
| Elena Martinez Perez | Krikaskóli | Mosfellsb. | elena@krikaskoli.is |
| Elsa Þorfinna Dýrfjörð | Snælandsskóli | Kópavogur | elsad@kopavogur.is |
| Helga G. Loftsdóttir | Vættaskóli | Reykjavík | Helga.Gudrun.Loftsdottir@rvkskolar.is |
| Kristín Guðnadóttir | Hraunvallaskóli | Hafnarfj. | kristing@hraunvallaskoli.is |
| Kristín S. Sigurleifsdóttir | Garðaskóli | Garðabær | kristins@gardaskoli.is |
| Kristjana Pálsdóttir | Sæmundarskóli | Reykjavík | Kristjana.Palsdottir@rvkskolar.is |
| Kristrún Sigurjónsdóttir | Skrifstofa F&F | Hafnarfj. | kiddy@hafnarfjordur.is |

Fararstjóri

| | | | |
|--------------------------|----------------|-----------|--|
| Þórdís Helga Ólafsdóttir | Skrifstofa F&F | Hafnarfj. | thordishelga@hafnarfjordur.is |
|--------------------------|----------------|-----------|--|

DAGSKRÁ

MÁNUDAGUR 9. OKTÓBER

| hour | <i>Mon. October 9th</i> |
|-----------|--|
| Kl. 06:30 | Wowair nr. WW 902 kl. 06.30 (mæting 2-3 klst. fyrir) |
| Morgunn | Lent í Kaupmannahöfn kl. 11:45 |
| síðdegi | Farið til Malmö með lest (fararstjóri skipuleggur) |
| Kvöld | Frjáls tími |

HÓTEL

Best Western Hotel Royal

4-stjörnu hótél. Þetta hverfi er frábært val fyrir ferðalanga sem hafa áhuga á kaffihúsum, veitingastöðum og skoðunarferðum um gamla bæinn, við kanalinn umhverfis gamla bæinn.

*Norra Vallgatan 94, Norr, 211 22 Malmö
Sweden*



Skólaheimsóknir og fræðsla dagana 10-12. október. Sjá hér áfram.

ÞRIÐJUDAGUR 10. OKTÓBER

| hour | Tue. October 10 th |
|-------------------|---|
| Kl. 7.30 | Morgunmatur |
| Kl. 8.15 | Strætó/leigubíll í skóla |
| Kl. 9.00 – 12.00 | Rosengårdsskolan 1 – 7 bekkur (1 -6 klass) |
| Kl. 12.00 -13.00 | Hádegismatur í skólanum |
| Kl. 13.00 – 15.00 | Rosengårdsskolan 1 – 7 bekkur (1 -6 klass) Fundur með kennurum skólans. |
| Kl. 16 -17 | Hópurinn hittist og tekur saman daginn. |
| Kvöld | Frjáls tími |

Rosengårdsskolan

Almennt um skólann

Í Rosengårdsskólanum eru um 400 nemendur á aldrinum 6 til 12 ára, þ.e. í 1.-6. bekk auk þess sem starfræktur er forskóli fyrir 6 ára börn. Jafnframt sækja 10 nemendur sértæk úrræði í tveimur fámennum bekkjum. Í hverjum árgangi í 1., 2. og 3. bekk eru um 75 nemendur sem skipt er í þrjár bekkjardeildir. Í hverjum árgangi sinna teymi fjögurra kennara, þriggja fritidspedagoga í hálfu starfi og tveggja stuðningsfulltrúa. Teymið á að auki samstarfi við tvo sérkennara og tvo specialpedagoga.

Í 4., 5. og 6. bekk eru að jafnaði 50 nemendur í hverjum árgangi sem skipt er í tvær bekkjardeildir. Hverjum árgangi sinna teymi þriggja kennara og eins fritidspedagogs í samstarfi við sérkennsluráðgjafa og sérkennara.

20-25 nemendur eru í hverjum bekk í skólanum. Þrjú bekkir eru í hverjum árgangi með 4 kennara og 3 tólmstundaráðgjafa sem sinna 50% starfi í bekknum og 50% í frístundastarfi eftir skóla. Kennarateymið kemur sér saman um hvernig þau skipta vinnu sinni á árganginn en þurfa að rökstyðja leiðina sem þeir velja.

Skólastjórnun

Annelie Van Lunterener er metnaðarfullur og framsækinn skólastjóri sem hefur stýrt Rosengårdsskólanum s.l. þrjú og hálf ár og náð bættum árangri í skólastarfinu. Skólinn er *Indexskóli* sem þýðir að fjárframlög til skólans eru miðuð við þær þarfir sem skapast hverju sinni skv. ákveðnu stigakerfi. Auk þess sem skólinn fær lögum skv. aukin fjárframlög í eitt og hálf ár með nemendum sem eru nýfluttir til Svíþjóðar. Nemendur teljast þó *nýkomnir* fyrstu fjögur árin. Eftir að nemendur hafa verið *kortlagðir* af fagaðilum skólans sér skólastjóri um að finna þeim stað í skólanum, þ.e. þann bekk sem þeim hentar best. Þar sem unglिंगadeild skólans var lögð niður fyrir fimm árum er það hlutverk skólastjóra að finna nemendum sem útskrifast úr 6. bekk (7. bekkur á Íslandi) ákjósanlega skólavist á unglिंगastigi í einhverjum af þeim 72 grunnskólum sem starfræktir eru í Malmö.

Skólinn átti í vanda áður en þegar Annelie tók við en þá gerði hún þá breytingu að í stað þess að vera að bregðast við vandamálum sem upp koma er núna unnið eftir markmiðum. Þessi leið hefur skilað góðum árangri í skólastarfinu.

Samtalsdagur

Fundir með foreldrum fara fram sem eins konar kaffihúshittingur 3 sinnum á ári í skólanum. Fundirnir eru haldnir á þriðjudögum kl. 17-19. Foreldrum er skipt niður á borð í umræðuhópa. Á þessum fundi koma líka

fleiri aðilar sem þurfa að koma skilaboðum til foreldra, svo sem eins og lögreglan. Á einum þessarar fundar var rætt um ákveðinn tölvuleik sem mörg barnana spiluðu. Annelie sagðist vera sannfærð um að eftir að foreldrar hafi fengið vitneskju um efni þessa leiks væru nemendur ekki lengur að spila hann.

Við skólann hafa verið skipaðir þrír deildarstjórar sem bera ábyrgð á faglegu starfi tiltekinna árganga og eru á hærri launum en almennir kennarar. Jafnframt hafa 15 af 35 kennurum skólans notið launahækkun (*lärarlönlyft*) vegna sérstakrar ábyrgðar.

Nemendaverndarráð skólans vinnur fyrst og fremst að forvörnum þar sem lausnamiðaðar aðferðir eru notaðar til að koma málum í þau ferli og úrræði sem kostur er á.

Virkt ytra eftirlit er haft með grunnskólum í Svíþjóð. Rosengårdsskolan hefur skorað mun betur en áður undanfarin ár og hefur hróður skólastjórans því borist víða.

Fyrirkomulag á móttöku innflytjenda

Eftir innskráningarviðtal í skólanum fara fram móttökuvíðtöl.

Petra Marti Tanaka, kennari í sænsku sem öðru máli og specialpedagog, sér um að *kortleggja* nýkomna nemendur sem innritast í Rosengårdsskolan. Gengið er út frá leiðbeiningum frá Skolverket og ævinlega fenginn móðurmálmálstúlkur til samstarfs. Kortlagningunni á að vera lokið innan tveggja mánaða og markmiðið er meta hvar nemendur eru staddir í menntun og þroska hvað læsi, rökhugsun og stærðfræði varðar.

Reiknað er með að fyrsta viðtal taki eina klst., og þar er eingöngu leitað eftir atriðum sem tengjast menntun og reynslu nemenda, komi fleira fram sem nauðsynlegt er að vinna með er þeim málum vísað áfram til annarra fagaðila. Í öllum tilfellum er gerður skýr greinarmunur á því hvaða tungumál nemendur tala og þekkingu þeirra í tilteknum faggreinum. Bakgrunnur og aðstæður nemenda eru mjög misjafnar. Ekki þekkjast allir latneska stafrófið. Sumir tala mörg tungumál og þá er leitast við að greina hvaða tungumál nýtist þeim sem *sterkasta mál* s.s. málið sem fjölskyldan talar, málið sem nemandi talaði í skóla eða málið sem nemandi notaði á leið sinni. Dæmi eru um að nemendur hafi jafnvel enga reynslu af skólastarfi. Í þeim tilfellum er litið á nemendur út frá mannauðssjónarmiðum, er reynt að komast að því hvaða þekkingu, styrkleikum og hæfni þeir búi yfir sem geti nýst þeim í staðinn.

Þegar komið er að því að kortleggja læsi nemenda er athugað hvort nemendur þekki stafi, hljóð eða eftir atvikum orðmyndir, þ.e. hvar þeir eru staddir varðandi læsi á móðurmáli sínu. Því næst hlustar nemandi á sögu, eða les sjálfur, og síðan er unnið út frá efni textans í því augnamiði að átta sig betur á stöðu hans.

Við kortlagningu á rökhugsun og þekkingu nemenda á stærðfræði er fyrst og fremst stuðst við myndefni sem Skolverket leggur til. Í spjalli við nemendur er athugað hvort nemandinn þekki hugtök sem notuð eru um mismunandi form, gengið eftir talnaskilningi, t.d. með því hvort þeir geti gert sér einhverja grein fyrir hæð húss með því að taka mið af manneskju sem stendur við gaflinn eða komið með tillögur að því hvernig er hægt að finna út ummál gjarðar á reiðhjólum sem stendur þar nærri.

Sjá: <https://www.skolverket.se/bedomning/bedomning/kartlaggningsmaterial>

Við mat á stöðu nemanda í hinum ýmsu faggreinum kemur til kasta fagkennara. Það er þeirra hlutverk að meta stöðu nemandans í hverri grein um sig.

Að kortlagningunni lokinni er það hlutverk skólastjóra að gera ráðstafanir í samræmi við þarfi nemenda. Fyrst þarf að finna ákjósanlegan bekk, síðan að gera ráðstafanir eftir þörfum s.s. varðandi móðurmálskennslu og studiehandedning, aukatíma í sænsku, sérpróf og í sumum tilfellum að seinka nemendum um eitt ár.

Skoleverket (MMS) gefur út leiðbeiningar um hvernig á að taka á móti nýjum nemenda. Þetta kallast kortlægning og mætti þýða sem stöðumat á íslensku og er ætlað að meta styrk og þarfir nemandans. Skiptist í þrennt: step 1, 2 og 3. Fyrstu tvö þrepin er skylt að leggja fyrir. Það þriðja er valkvætt:

- **Step 1** er *investigation* sem tekur um eina klukkustund. Hér er til dæmis verið að finna út hvert sterkasta tungumál nemandans er. Foreldrar eru viðstaddir ásamt túlki. Kennara er líka boðið að vera með.
- **Step 2** er læsi og talnalæsi. Foreldrar eru ekki viðstaddir. Nota mikið myndir og meta þannig stöðu nemanda.
- **Step 3** Hér er um að ræða próf í öllum námsgreinum. Allir kennarar taka þátt og kennari metur. Skólar hafa ekki mikið verið að nota þetta. Aldrei lagt fyrir ef nemandi hefur ekki verið í skóla.

Eftir að Petra hefur kortlagt nemanda tekur hún saman niðurstöður og kemur með hugmyndir um hvernig eigi að standa að kennslu nemandans og fer með til skólustjóra sem þarf að samþykkja tillögunar.

Fyrirkomulag á kennslu og námsskipulagi innflytjenda

Allir 400 nemendur skólans eru tví- eða fjöltyngdir, þar af teljast um 50% nýkomnir, þ.e. hafa búið skemur en fjögur ár í Svíþjóð. Sterkasta mál um 75% nemendanna er arabíska, aðrir eru flestir frá Sýrlandi, Sómalíu, Afganistan, Pakistan auk förufólks (Roma folk). Síðustu 15 ár hafa engir nemendur af sænskum ættum stundað nám við skólann.

Sjónrænar aðferðir eru nýttar í kennslu. Markmið hverjar kennlustundar koma fram og nemendur gefa endurgjöf í lok verkefnis hvernig þeim gekk. Námsmat með markmiðum námsgreinar hangir upp á vegg og hvaða mark-/viðmiði þarf að ná til að fá A, B, C o.s.frv. Hugtök og orð sem nemendur þurfa að tileinka sér eru sýnileg í kennslustofunni. Víða um skólann mátti líka sjá orð og myndir saman. Kennarar eru skyldugir til að nota þessar kennsluáðferðir.

Í meginatriðum vinnur skólinn eftir hugmynda-/aðferðafræði lærdómssamfélags í skólaumhverfi, m.a. eru A. Hargreaves og M. Fullan væntanlegir í skólann með fræðslu fyrir stjórnendur í Malmö. Hugmynda-/aðferðafræðina á að innleiða í alla skóla í Malmö.

Foreldrasamstarf og aðlögun að samfélagi

Í samstarfi við aðra hlutaðeigandi aðila í skólahverfinu, s.s. lögreglu og félagsþjónustu, stendur skólinn að jafnaði fyrir tveimur foreldrafundum á önn. Fundirnir eru með kaffihúsasniði þar sem fyrst fer fram fjölbreytt kynning og fræðsla fyrir foreldra og forráðamenn nemenda en síðan er gefinn kostur á umræðum, fyrirspurnum og almennu kaffihúspjalli. Þannig gefst foreldrum frá mismunandi menningarheimum tækifæri til að kynnast og vinna að sameiginlegum málstað.

Í daglegu starfi skólans eru foreldrar kallaðir til ábyrgðar með miklu aðhaldi, t.d. er hringt strax í foreldra ef nemendur lúta ekki skólareglunum. Meðan við vorum í heimsókn stóð m.a. yfir átak varðandi stundvísi og skólasókn sem virðist ætla að skila góðum árangri. Skólustjórnendur tóku sér stöðu við innganga skólans á morgnana og fóru með þá sem voru of seinir á skrifstofuna þar sem hringt var í foreldra og leitað eftir skýringum á seinkomum. Gerist það ítrekað er send tilkynning til hlutaðeigandi aðila.

Við urðum þess áskynja að vel er stutt við atvinnusköpun íbúanna þegar við vorum boðnar í mat á YallaTrappan, veitingastað sem stofnsettur var af konum úr hverfinu í samstarfi við kennara sem er hugsjónamanneskja á sviði jafnréttis (<http://www.yallatrappan.se/>). Veitingastaðinn reka þær í húsnæði sem áður var íbúð og rækta m.a. kryddjurtir á lóðinni.

MIÐVIKUDAGUR 11. OKTÓBER

| hour | Wed. October 11 th |
|-------------------|---|
| Kl. 7.30 | Morgunmatur |
| Kl. 8.15 | Strætó/leigubíll í skóla |
| Kl. 9.00 – 12.00 | Mottagningskolan Mosaik 1 – 10 bekkur (1- 9 klass) |
| Kl. 12.00 -13.00 | Hádegismatur í skólanum |
| Kl. 13.00 – 15.00 | Språkcentralen (og heim á hótél) |
| Kl. 16 -17 | Hópurinn hittist og tekur saman daginn. |
| Kvöld | Frjálts tími |

Mottagningskolan Mosaik



Almennt um skólann

Mottagningskolan Mosaik var stofnaður árið 2012 til að bæta kennslu unglinga af erlendum uppruna af því að Malmö fékk fallelkunn í þeirri kennslu. Í skólanum eru nemendur á grunnskólaaldri, m.a. frá Sýrlandi, ríkisfangslausir Palestínumenn og fylgdarlaus börn frá ýmsum löndum. Annað hvert barn í Malmö er með sænsku sem annað mál. Nemendur skólans koma frá 100 löndum og þar eru 45 móðurmál kennd.

Árið 2014 komu um 600 börn til malmö og af þeim voru 20 fylgdarlaus. 2016 komu 1030 börn og af þeim voru 190 fylgdarlaus. 2017 er gert ráð fyrir 1000 börnum og af þeim 190 fylgdarlaus. Fylgdarlaus börn eru yfirleitt strákar og fjölgun þeirra stafar af „frelsun“ borga í Sýrlandi undan áhrifum ISIS.

Í skólanum eru 70% drengir og 30% stúlkur.

Fyrirkomulag á móttöku innflytjenda

Þegar börnin koma í skólann eru þau fyrst skráð inn í skólann og svo fara þau í skoðun til hjúkrunarfræðings.

Skráningarferlið er þrjú fundir, stig 1, stig 2 og stig 3. Á þessum fundum eru nemendur kortlagðir, hvaða mál þeir tala, hvaða skólagöngu þeir eiga að baki og ýmsar bakgrunnsupplýsingar. Fyrsti fundurinn er með foreldrum og þá eru skráðar niður ýmsar upplýsingar um nemandann. Hver fundur tekur eina klukkustund og fer fram með aðstoð tólks á því máli sem barnið er sterkast í. Nemendum og foreldrum er gerð grein fyrir því í byrjun að það sé ekki verið að prófa börnin heldur sé verið að hjálpa þeim að byrja nám í sænskum skóla og finna þeim stað í réttan stað í skólakerfinu.

Börn í 1.-6. bekk eru tvær vikur í móttökudeildinni og þá eru þau kortlögð og fá upplýsingar um sænska skólakerfið og byrja strax í sænskunámi. Að lokum þessum tveimur vikum í móttökudeildinni fara nemendur í heimaskólana:

- Sex ára börn fara beint í forskólann án kortlagningar. (Skólaskyldan er frá 7 ára aldri í Svíþjóð).
- Nemendur í 7.-8. bekk eru sjö vikur í viðbót í Mosaikskolan áður en þau fara í heimaskólana sína.
- Nemendur í 9. bekk eru hér allan veturinn til að undirbúa sig betur undir nám í framhaldsskóla.

Kennsla hefst þriðju hverju viku, því hver móttaka hvers nemanda tekur tvær vikur.

Fyrirkomulag á kennslu og námsskipulagi innflytjenda

Þeir nemendur sem hafa annað móðurmál en sænsku fara í móttökudeildir til að byrja með og byrja líka strax að læra sænsku tvö, sem er sérstakt fag í sænskum skólum. Kennarar eru líka sérmenntaðir sem sænsku tvö kennarar.

Í skólunum er svokölluð „studiehandledning“ sem þýða mætti sem námshandleiðsla og það eru oft móðurmálkennarar sem sinna þessari handleiðslu. Hver nemandi fær 60 mínútur á viku í handleiðslu, eða aðstoð við námið. Handleiðararnir sjá líka um að aðstoða nemendur við heimanám.

Nemendur fá líka móðurmálkennslu 80 mínútur á viku, ef það eru fimm eða fleiri nemendur með sama tungumál ber sveitarfélaginu skylda til að halda úti móðurmálkennslu fyrir hópinn. Oft er nemendum safnað saman úr nokkrum skólum í móðurmálkennsluna ef þau eru fá í hverjum skóla fyrir sig.

Foreldrasamstarf og aðlögun að samfélagi

Í Mottagningskolan Mosaik er lögð áhersla á góða samvinnu heimilis og skóla. Foreldrar fá fræðslu um skólakerfið, hvað felst í heimanámi, hvaða skyldur nemendur hafa gagnvart skólanum og einnig skoðað hvaða væntingar foreldrar hafa til skólans.

Í Mosaikskolan eiga nemendur að fara í sund. Öllum nemendum er skylt að sækja sundtíma í sænskum skólum og því voru keypt burkini frá Kuwait til að stúlkur gætu stundað sund. 80% nemenda geta synt 200 metra.

Mikil samvinna er milli heimilis og skóla, lögreglunnar og félagsþjónustunnar.

Sérstaklega áhugavert að þínu mati

Það eru nokkur atriði sem talin voru áhugaverð. T.d. að í Mosaikskolan eru þessi sex einkunnarorð talin lífsnauðsynleg.

HUMLAN

- | | |
|------------------------------|--------------------------|
| • Hälsa | heilsa |
| • Utbildning | menntun |
| • Mänskliga rättighet | mannréttindi |
| • Likabehandling | jafnrétti |
| • Ant | trúarbragðaumburðarlyndi |
| • Närvaro | nærvera |

Í skólanum eru „verndarar“ (þeir sem eru þjálfaðir til að leysa ágreining nemenda sem tengist trúarbrögðum) sem eru þjálfaðir til að ganga inn í erfiðar aðstæður milli nemenda. Þeir eru í skólanum allt árið, eru í frímínútum og fara með í íþróttir. Nemendur koma frá mörgum mismunandi löndum Afríku, Mið-Austurlanda og Austur-Evrópu. Bakgrunnur verndaranna endurspeglar u.þ.b. 90% af nemendaflóru skólans, þ.e. frá sömu löndum og nemendur skólans.

Til eru námsefnispakkar á mörgum mismunandi tungumálum til að meta lestur nemenda:

- Språk A: byrjendur í lestri og skrift.
- Språk B: nemendur sem eru læsir og skrifandi.

Lagðir eru þrír mismunandi textar fyrir börnin til að kanna lesskilning þeirra.

Språkcentralen



Språkcentralen pedagogisk webbplats

Almennt um stofnunina

50% íbúa Malmö eru yngri en 35 ára og því er þar mikil fjölgun barna. Þar vantar því kennara. 31% íbúa eru fæddir utan Svíþjóðar. 177 mismunandi þjóðerni sem tala 150 mismunandi tungumál. Í Malmö eru tveir alþjóðlegir grunnskólar. Spurt var hvað yrði þá um Svíana? Beata svaraði að eitt ráð væri að styrkja leiðtogana, t.d. skólustjóra eins og Annelie V.L. í Rosengårdsskolan. 67,5% nemenda hafa náð settum markmiðum skólans.

Stjórnendur eiga að vera faglegir leiðtogar og hafa uppeldis- og menntunarfræði að leiðarljósi í störfum sínum.

Í Malmö eru 14.000 nemendur í móðurmálsnámi. Språkcentralen ber ábyrgð á kennurunum og skólarnir bera ábyrgð á nemendunum.

Staðreyndir um móðurmálskennslu og studiehandedning í Malmö:

- 280 kennarar í 251 stöðu sem kenna 14.000 nemendum 50 tungumál.
- 3.000 kennslustundir eru í móðurmáli nemenda.
- 2.800 nemendur fá aðstoð inn í bekk.
- 2.160 tímar fara í bekkjaraðstoðina.
- 80 mínútur á viku eru í móðurmálskennslu. Það þurfa að vera a.m.k. fimm nemendur til að kommúnan sé skyldug til að halda úti kennslunni. Börn fara í áskrift að móðurmálskennslunni, ef börnin eiga að hætta þurfa foreldrar að segja kennslunni upp.
- Kennslan fer fram í heimaskóla barnanna eða þeim er safnað saman í nálægan skóla. Í framhaldsskóla fá þau 120 mín./viku og er kennt 5-15 nemendum í hópi, miðsvæðis.

Fyrirkomulag á móttöku innflytjenda

Hvernig getur kennari notað kortlagninguna til að skipuleggja kennslu sína? Kennsluráðgjafar koma og aðstoða, gefa kennurum ráð um það hvernig hægt er að vinna eftir kortlagningunni.

- Af hverju er þetta nauðsynlegt? Sjá ljósrit sem við fengum frá *Vägledning og Stöd*.
- Samræðufundurinn (skilafundur)
- Hvað þarf skólinn að vinna með í upphafi? 10 ráð (sjá ljósrit frá *Vägledning og stöd*).

Fyrirkomulag á kennslu og námsskipulagi innflytjenda

Í grunnskóla fá nýir innflytjendur 60 mínútna námsleiðsögn (studiehandedning) á viku sem er umfram móðurmálskennsluna. Yfirleitt eru það móðurmálskennararnir sem sinna þessari vinnu. Leiðsögnin fer fram í hópum en fer einnig fram í kennslutímum og það ræðst af fjölda nemenda í viðkomandi aðstæðum. Stærð hópa fer eftir fjölda þeirra sem tala málið í skólanum. Þetta er fyrir þá sem hafa verið í færri en fjögur ár í sænskum skóla.

Sænska 2 er fag sem kennt er í grunnskólum, framhaldsskólum og þau geta farið í gegnum skólakerfið á sænsku 2. Getu skipt yfir í sænsku 1 ef þau eru dugleg að ná markmiðum sænsku 1 en ekki er hægt að skipta úr sænsku 1 í sænsku 2. Sænska 1 og sænska 2 eru sérstakar námsgreinar í háskóla og kennarar sérhæfa sig í annarri hvorri námsgreininni.

Studiehandledning á móðurmálinu - verkfæri fyrir nemendur

Sami nemandi getur fengið móðurmálskennslu á einu máli og studiehandledning á öðru máli. Handleiðarar eru móðurmálskennarar og hafa samband heim. Þeir eru líka að kenna um heimalandið og menningu þess. Það þarf að gera nemendum grein fyrir að þeir séu tvítýngdir og hvað það þýðir. Handleiðarar vinna með kennurum, eru brú milli foreldranna og skólanna. Í byrjun er það handleiðslan sem hjálpar nemendum að læra en seinna verður það móðurmálskennslan.

Hvernig má tryggja gæði námsefnisins?

- Til er námskrá í hverju fagi á hverju tungumáli.
- Bækurnar stjórna ekki náminu.
- Passað er að myndir í námsefni séu ekki fordómafullar.
- Mikið um stafrænt námsefni og forrit/öpp.
- Móðurmálskennarar hittast 4x á önn og fara yfir námsefni og bækur og skiptast á hugmyndum. 17 hópar kennara og 14 – 15 kennarar í hópi.
- Til er námskrá fyrir móðurmálskennslu og svo útfæra kennarar kennsluna.
- Ann-Christine pantar námsefni eftir að hafa hitt kennarana, námskráin er á heimasíðunni www.skolverket.se (kursplan for modersmål).

Að lokum má nefna að mat á stöðu barns getur leitt til þess að það geti verið sett í bekk sem er ekki endilega aldurssvarandi (bæði eldri og yngri) óháð sænskukunnáttu sinni.

FIMMTUDAGUR 12. OKTÓBER

| hour | Thu. October 12 th |
|-------------------|---|
| Kl. 7.30 | Morgunmatur |
| Kl. 8.15 | Strætó/leigubíll í skóla |
| Kl. 9.00 – 12.00 | Lorensborgsskolan 1-7 bekkur (1-6 klass) |
| Kl. 12.00 -13.00 | Hádegismatur í skólanum |
| Kl. 13.00 – 15.00 | Lorensborgsskolan frh. Fundur með kennurum |
| Kl. 16 -17 | Hópurinn hittist og tekur saman daginn. |
| Kl. 19 | Út að borða með kennurum frá Lorensborgsskolan |

Lorensborgsskolan



Lorensborgsskolan pedagogisk webbplats

Almennt um skólann

Í skólanum eru 375 nemendur í forskóla til 6.bekk. Þar er einnig frístundastarf, blindradeild, einhverfudeild, nýbúadeild. Móttökudeildin er bara í Mosaikskolan. 90% nemenda er með annað móðurmál en sænsku og meirihluti nemenda er fæddur í Svíþjóð.

Í hverjum árgangi eru 3 bekkir.

Fyrirkomulag á móttöku innflytjenda

Í byrjun fara allir í skráningarsamtal. Nemendur sem eru í forskóla (1. bekkur á Íslandi) eru ekki kortlagðir. Ef barn kemur í forskóla t.d. í maí telst það ekki nýbúi þegar það byrjar í skólanum. (Við höfðum séð í Språkcentralen glæru þar sem flestir innflytjendur eru skráðir inn í ágúst, kannski er þarna komin skýring á því, gildir reyndar hvenær þau eru skráð inn í landið). Ef barn kemur í skólann í ágúst telst það nýbúi í fjögur ár. Þessi flokkun á bara við um kortlagninguna, þau fara eftir sem áður í sænsku 2.

Fyrirkomulag á kennslu og námsskipulagi innflytjenda

Unnið er með heildina til að auka orðaforða, bæði almennan og orðaforða námsgreina. 15-20% nemenda ná sænskunni (sænska 1), hinir eru áfram í sænsku 2. Nemandi getur unnið sig upp í að fara í sænsku 1 en aldrei er hægt að fara úr sænsku 1 í sænsku 2.

Nemendur fá 40-60 mínútur á viku, fyrstu fjögur árin, í námshandleiðslu. Handleiðarinn skipuleggur með kennara hvað á að taka fyrir í hverri viku. Ýmist eru greinar forkenndar eða farið er yfir námsefnið eftir að nemandi hefur setið kennslustundina. Reynt er að láta börn úr sama tungumálalátopi hjálpast að við námið.

Hægt er að sækja um aukafjárveitingu til að kenna fleiri tíma en vandamálið er að dagurinn er orðinn nógu langur, bæði hjá nemendum og kennurum og vont er að fá kennara í kennsluna seinni part dagsins.

Stundum gengur illa að fá kennarana í samstarf við námshandleiðarana, skrifast sennilega á tímaskort.

Skólinn notar til skiptis orð úr samfélags- eða náttúrufræði sem orð vikunnar. Allt árið er unnið með orð vikunnar og unnið með það.

Þegar nýbúar taka próf er leyfilegt að studiehandedare sé með þeim í prófi. Þeir meta nota námsbækurnar og orðabækur eða þýðingarforrit. Hægt er að sækja um undanþágu fyrir nýbúa í samræmdum prófum.

Sænska 2 er sérstakt fag og nemendur halda áfram í sænsku 2 í framhaldsskólum. Sænska 2 gengur líka í gegnum aðrar námsgreinar.

Nemendaverndarráð

Nýbúakennarar mæta á fundi hjá nemendaverndarráði 1x í mánuði og þar er farið yfir hvort einhver nemandi þarf á sérkennslu að halda. Skoðað er hvað hver nemandi þarf á að halda og hvort honum gengur nógu vel.

Til eru eyðublöð hjá skóla-/fræðsluskrifstofunni til að skrá þetta nákvæmlega.

Eftir kortlagninguna er einstaklingsnámskrá útbúin fyrir hvern nemanda. Að fjórum vikum liðnum er farið yfir stöðu nemandans og hún endurmetin.

Námsmat fer eftir fyrri skólagöngu nemenda. Þeir nemendur sem hafa haft námshandeiðslu geta e.t.v. tekið próf með aðstoð.

Kennarar sem kenna sænsku sem annað mál fara á marga fundi og upplifa að aðrir kennarar reyni að varpa ábyrgðinni á nemendum með annað móðurmál en sænsku yfir á þá.

Móðurmálskennsla fer fram á þriðjudagsmorgnum. Stundum eru móðurmálskennarar að kenna börnum úr nokkrum mismunandi skólum og þá getur verið erfitt að kenna það sem fram fer í skólunum.

Umsýslu- og námskerfið *Google classroom* er notað og allir hafa aðgang að því; kennarar, námshandleiðarar, móðurmálskennarar. Best fer á því að kenna nemendum áður á sínu máli það sem á að læra í bekknum á sænsku.

Sérstakt nám var sett á laggirnar í háskólanum fyrir kennara nýbúa. Kennarar urðu að fara í námið í teymum og því hefur þetta ekki gengið vel í minni samfélögum. Öllum kennurum í Svíþjóð var opið að sækja um þetta nám.

Við kennslu nýbúa verður að passa sig á að einfalda málið ekki of mikið fyrir þau. Það tekur 2 - 8 ár að ná tökum á nýju tungumáli. Vinna þarf bæði með grunnorðaforða og orðaforða námsgreina.

Börn hafa alltaf eitthvað tungumál og við sem fagfólk þurfum að skoða hvaða tungumál er sterkasta mál barnsins.

Foreldrasamstarf og aðlögun að samfélagi

Heimilið á að vera í sambandi við skólann. Nemendur Lorensborgsskolans fá Chromebook-tölvu í skólanum og koma með hana í skólann á hverjum degi. Stundum flytja nemendur oft og stundum eru heimilin internetslaus um lengri eða skemmri tíma.

Í foreldrasamráði er nauðsynlegt að hafa túlka.

FÖSTUDAGUR 13. OKTÓBER

| hour | <i>Fri. October 13th</i> |
|----------|---|
| Kl. 7.30 | Morgunmatur |
| Morgun | Skráð af hóteli og farið á flugvöll (eða aðrar ráðstafanir) |
| Hádegi | Wowair nr. WW 903 kl. 12:35 flug til Íslands |

Lokaorð

Námsferðin til Malmö var áhugaverð og fróðleg á margan hátt. Hópurinn kynntist skipulegum aðferðum Svía við að taka á móti innflytjendum með margvíslegan bakgrunn. Skýrslan hér er tilraun til að fanga þær hugmyndir og aðferðir sem beitt er í Malmö til þess. Sökum legu sveitarfélagsins eru þeir yfirleitt fyrsti viðkomustaður innflytjenda til Svíþjóðar, ekki síst þeirra sem koma landleiðina til Svíþjóðar.

Það er ljóst af heimsókninni að við megum mikið að þeim læra í Malmö í því hvernig þeir taka á móti innflytjendum, skipulagslega og faglega. Í þeim skilningi er það upplifun og mat hópsins að við á Íslandi, höfuðborgarsvæðinu, eigum mikið verkefni framundan í að bæta okkar móttöku.

Í kjölfar skýrslugerðarinnar mun hópurinn taka þátt í frekari miðlun á hugmyndum og aðferðum sem hann kynntist í ferðinni fyrir aðra kennara höfuðborgarsvæðisins í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem er í bígerð.

Höfuðborgarsvæðinu 27. október 2017.